Fornleifakönnun vegna virkjanaáforma við Hverahlíð og á Ölkelduhálssvæði

Birna Lárusdóttir

FS327-06261

Fornleifastofnun Íslands
Reykjavík 2006

Forsíðumyndir, talið að ofan frá vinstri:

1. Reiðgötur í Hellum, sjá 721:005.
2. Varða milli hrauns og hlíðar, sjá 721:019.
3. Borholustæði ofan Kýrgils.
4. Gata NV Hverahlíðar, sjá 721:074.

© Fornleifastofnun Íslands 2006
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is
Heimasíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR 4

2. LÖGGJÖF UM FORNLEIFAR 6

3. AÐFERÐIR 7

4. SKRÁNING Á GÖMLUM LEIÐUM 10

5. NIÐURSTÖÐUR SKRÁNINGAR 13

5.1 Ölkelduháls 14
5.2 Hverahlíð 18
5.3 Annað 20

6. SAMANTEKT OG HÆTTUMAT 24

7. FORNLEIFASKRÁ 26

8. FORNLEIFAKORT 34

Kort 1: Yfirlit 34
Kort 2: Norðurhluti svæðis 35
Kort 3: Suðurhluti svæðis 36
Kort 4: Hellurnar 721:005 37
Kort 5: Áveita 721:069 38
Kort 6: Garðlag 721:071 39

HEIMILDIR 40

1. Inngangur

Síðsumars fór fram fornleifaskráning á umhverfismatsreit á Hellisheiði að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur. Þar fara fram umfangsmiklar rannsóknir á jarðvarma í tengslum við virkjanaáform. Innan svæðisins hafa þegar verið lagðir vegir, boraðar nokkrar jarðhitaholur og afmörkuð frekari borsvæði. Frekari boranir eru fyrirhugaðar í framtíðinni.

Áhrifasvæði vegna fyrirhugaðra framkvæmda við nýjar virkjanir er í meginatriðum tvískipt: Annarsvegar er um að ræða svæði undir Hverahlíð, allt vestur fyrir Lakahnúka og norður að þjóðvegi. Hinsvegar er svæði sem nær yfir meirihluta Ölkelduháls, vestur að Kýrgilshnúki og suður fyrir Svínahlíð og Molddali. Að auki var skráð töluvert stærra svæði umhverfis áhrifasvæði framkvæmdanna, sbr. meðfylgjandi kort.



Svæðið sem Orkuveitan fór fram á að yrði kannað með tilliti til fornleifa er afmarkað með rauðri línu.

Áður höfðu fornleifar á afrétti Ölfushrepps verið skráðar við venjubundna aðalskráningu

fornleifa.[1] Auk þess hefur farið fram takmörkuð fornleifakönnun á nokkrum völdum svæðum vegna fyrri framkvæmda Orkuveitunnar.[2] Einar Gunnlaugsson hjá Orkuveitu Reykjavíkur veitti munnlegar upplýsingar um minjastaði á Hellisheiði og eru honum færðar þakkir fyrir hjálpina.

[1] Orri Vésteinsson. 1998. *Fornleifar á afrétti Ölfushrepps.* FS064-97013. Árbæjarsafn/Fornleifastofnun Íslands.

[2] Oddgeir Hansson. *Greinargerð um fornleifar á áhrifasvæði Hellisheiðarvirkjunar. Stóra-Skarðsmýrarfjall, Ölkelduháls, Hverahlíð.* Greinargerð dags. 07.05.2005, verknr. 0504. Fornleifastofnun Íslands.

Birna Lárusdóttir og Sædís Gunnarsdóttir. 2003. *Fornleifakönnun á Hellisheiði vegna virkjunar*. FS216-03101. Fornleifastofnun Íslands.

Adolf Friðriksson og Uggi Ævarsson. 2003. Greinargerð um fornleifar hjá Hellisheiðarvirkjun. Verknr. 0115. Fornleifastofnun Íslands.

2. Löggjöf um fornleifar

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga (nr. 107/2001), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar : „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja.“ Auk þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 einnig yfir verndun menningarminja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Er fornleifakönnunin sem þessi skýrsla byggir á unnin í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið með löggjöfinni.

Mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda skv. nýju skipulagi gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum (9. gr.) víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja, 100 ára eða eldri, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á. Í lögunum eru gefin allnokkur dæmi, svo sem byggðaleifar, bæjarstæði, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum; einnig vinnustaðir þar sem aflað var fanga, sel, verstöðvar, ból, mógrafir, kolagrafir, gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, gamlir vegir, stíflur, brýr, vöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra; varnarmannvirki; þingstaðir, hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð; áletranir, greftrunarstaðir og skipsflök. Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll forn mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan tengjast menningu og atvinnuvegum. Þessu hefur verið fylgt við skráninguna, á sama hátt og gert er við almenna fornleifaskráningu. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Fornleifaverndar ríkisins. Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmda-aðili þann kostnað sem af því hlýst.

Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati: Þrátt fyrir ítarlega heimildarkönnun og vettvangsathugun eru fornleifar þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd verði engin hætta á að minjar finnist þar við jarðrask.

3. Aðferðir

Fornleifaskráningu er venjulega skipt í þrjú stig: Svæðisskráningu, aðalskráningu og deiliskráningu. Í stuttu máli er svæðisskráning heimildakönnun þar sem upplýsingum um fornleifar er safnað úr rituðum heimildum. Við aðalskráningu er hins vegar farið á vettvang og fornleifar staðsettar og kortlagðar. Aðalskráning byggist á gögnum úr svæðisskráningu. Fyrst og fremst er gengið á þekkta staði þótt jafnan finnist fornleifar sem ekki voru þekktar áður. Skráningin á Hellisheiði sem hér er til umfjöllunar fellur undir *deiliskráningu* sem er nákvæmari útfærsla á aðalskráningu. Deiliskráning er yfirleitt aðeins gerð þar sem unnið er að deiliskipulagi eða umhverfismati. Í deiliskráningu þarf fornleifafræðingur að geta fullvissað sig um að allar fornleifar á afmörkuðu svæði hafi verið færðar á skrá. Þar af leiðandi er venjan að gaumgæfa mjög vel þau svæði þar sem framkvæmdir standa fyrir dyrum. Algengast er að deiliskipulagsreitir séu aðeins fáeinir hektarar að stærð og er þá oftast hægðaleikur að ganga um þá. Oftast er það gert kerfisbundið þannig að allt svæðið sé skoðað mjög vel. Það svæði sem Orkuveitan fór fram á að láta skrá að þessu sinni er á hinn bóginn mjög víðfeðmt og erfitt yfirferðar á köflum. Eins og gefur að skilja er erfitt eða jafnvel ómögulegt að kanna það allt svo nákvæmlega að unnt sé segja með fullri vissu að þar sé alls engar fornleifar að finna. Sökum þessa var ljóst strax í upphafi að móta þyrfti aðferðafræði sem hentaði verkinu. Í stuttu máli voru áherslurnar eftirfarandi:

- Ekki stendur til að raska nema afmörkuðum svæðum innan reitsins (sjá meðfylgjandi kort á bls. 9). Því var áhersla lögð á að kanna þau sérstaklega, þ.e. fyrirhuguð borholustæði (jarðhitaholur, niðurrennslisholur, vatnskönnunarholur), byggingarreiti og niðurrennslissvæði.
- Áralöng reynsla af fornleifaskráningu hefur sýnt að hægt er að segja með nokkurri vissu fyrir um þá staði þar sem líklegast er að finna fornleifar. Á afréttarsvæðum líkt og Hellisheiði er þess helst að vænta að finna fornleifar á borð við réttir og aðhöld, vörður, sæluhús og aðrar samgönguminjar, þ.e. götur og vegi. Leifar húsa sem menn hafa gert sér og leifar aðhalda fyrir skepnur er líklegast að finna þar sem valllendi eða beitiland er ráðandi og helst skjólgott og/eða náttúrulegt aðhald. Fornleifar aðrar en vörður er á hinn bóginn sjaldgæft að finna á reginfjöllum eða hraunbreiðum þar sem ekki er stingandi strá. Með hliðsjón af þessu var ákveðið að ganga helst um valin svæði þar

sem helst mátti búast við fornleifum, sjá nánar bls. 13.

- Í þriðja lagi voru hnit á fornleifum sem skráðar voru 1998 endurnýjuð, enda er nú hægt að hnitsetja með meiri nákvæmni en þá var.
- Í fjórða lagi voru gamlar leiðir innan svæðisins kannaðar á mörgum stöðum að beiðni Orkuveitunnar en nánar segir frá því í næsta kafla.

Við alla kortlagningu var notaður GPS-búnaður af gerðinni Garmin Geko 201 og Garmin Geko 301. Bæði tækin mæla inn punkta með allt niður í 3 m skekkju. Á vettvangi eru tækin stillt á WGS84, Lat/Lon hddd°mm.mmm. Við kortagerð er hnitunum hins vegar varpað yfir í landshnitakerfið, ISN93. Nánar er fjallað um kortlagningu á götum í næsta kafla.



Áætlun um mat á umhverfisáhrifum. Kort frá verkfræðistofunni VGK.

4. Skráning á gömlum leiðum

Orkuveitan óskaði sérstaklega eftir því að gamlar leiðir yrðu hnitsettar innan svæðisins og nokkurn spöl út fyrir það til að auðveldara væri að sýna þær á uppdráttum. Er það vel, enda eru þetta óumdeilanlega þær minjar sem helst eru einkennandi fyrir Hellisheiði og er óvíða að finna aðrar eins leifar samgöngumannvirkja frá ýmsum tímum. Göturnar sem sjást í svonefndum Hellum mætti t.d. skammlaust telja til einna merkustu fornleifa á Íslandi.

Kortlagning gamalla leiða á jörðu niðri er að mörgu leyti nýstárlegt viðfangsefni, enda hefur sáralítið verið gert af því að rekja götur á afmörkuðum svæðum þótt þær séu jafnan skráðar lauslega í venjubundinni aðalskráningu fornleifa[3]. Í upphafi er rétt að gera stutta grein fyrir heimildum um gamlar leiðir og vandamálum sem upp geta komið við slíka kortlagningu. Í framhaldi af því verða aðferðir við þessa skráningu reifaðar.

Heimildir um gamlar leiðir eru tvenns konar:

a) Ritaðar og munnlegar lýsingar. Upplýsingar um gamlar leiðir á skráningarsvæðinu er helst að finna í örnefnalýsingum sem eru ritaðar af kunnugum, langoftast um og upp úr miðri 20. öld. Gömlu reiðleiðarinnar um Hellisheiði er reyndar getið allvíða í heimildum, t.d. í ferðabókum og í lýsingu Ölfushrepps frá 1703.
b) Gömul kort, í þessu tilviki herforingjaráðskort (atlaskort) bæði frá 1909 (1:50000) og 1988 (1:100000), en mælt var fyrir því síðarnefnda árið 1914. Inn á þessi kort eru merktar helstu leiðir.

Í þriðja lagi er hægt að styðjast við fornleifarnar sjálfar, þ.e. sjáanlegar götur og troðninga.

Það er oftast mögulegt að marka leið inn á kort ef góð leiðalýsing er fyrir hendi en málið vandast þegar farið er að eiga við hin sjáanlegu ummerki, þ.e. götuslóðana sjálfa. Tvær leiðir eru færar við slíka kortlagningu: Annars vegar er hægt að rekja göturnar á jörðu niðri en hinn möguleikinn er að rekja þær á loftmyndum. Báðar aðferðirnar hafa kosti og galla. Það er augljóslega fljótlegra að nota loftmyndir til verksins heldur en að fylgja slóðum á jörðu niðri svo kílómetrum skiptir. Sömuleiðis veita loftmyndirnar meiri yfirsýn, t.d. hvað varðar innbyrðis tengsl leiða. Á hinn bóginn er ekki hægt að rekja allar götur á loftmyndum, t.d.

[3] Við aðalskráningu fornleifa er venjan sú að taka aðeins eitt hnit á sérhverri, þekktri leið, enda of tímafrekt og kostnaðarsamt að rekja þær allar.

getur verið erfitt að sjá þær í valllendi þar sem þær geta verið uppgrónar að miklu leyti. Sömuleiðis eru troðningar í hrauni eða á melum erfiðir viðfangs.

Aðferð	Kostir	Gallar
kortlagning af loftmyndum	• fljótlegt • góð yfirsýn, t.d. hvað varðar innbyrðis tengsl leiða	• erfitt að rekja uppgrónar götur/götur í hrauni eða á melum • Hugsanlegt að rugla götum saman við náttúrufyrirbæri
kortlagning á vettvangi	• nákvæmni mikil • stundum hægt að rekja uppgrónar götur/götur sem annars sjást ekki á loftmyndum	• tímafrekt • takmörkuð yfirsýn: leiðir hverfa, klofna o.s.frv.

Kostir og gallar aðferða við að kortleggja gamlar leiðir

Að auki eru ýmis vandkvæði sem fylgja báðum aðferðunum.

Í fyrsta lagi hafa reið- og göngugötur ekki verið jafn óbifanlegur þáttur í landslaginu eins og bílvegir eru í dag. Þannig er það sjaldnast svo að ferðalangar hafi ávallt haldið sig við eina og sömu götuna. Götur geta klofnað og legið sín hvoru megin við ófærur eins og fjöll eða gjár og virðast stundum skiptast jafnvel þótt engin sjáanleg ástæða sé fyrir því. Hugsanlega hefur smekkur hvers og eins ráðið nokkru, sem og hvort farið var gangandi eða ríðandi, jafnvel með rekstur eða marga til reiðar. Þá getur veðurfar hafa verið áhrifaþáttur, t.d. skyggni og snjóalög. Þetta kemur í sjálfu sér ekki á óvart og er ekki vandamál nema í þeim skilningi að það getur verið erfitt að draga einfalda línu á kort til að tákna leið.

Í öðru lagi eru alls ekki alltaf sjáanleg ummerki á yfirborði um gamlar leiðir, jafnvel þótt þær hafi verið fjölfarnar. Gróðurfar skiptir miklu máli í þessu samhengi. Þannig hverfa götur oft á melum og söndum, gróa upp í valllendi og móum (sérstaklega þar sem búfjárbeit er á undanhaldi) að því ógleymdu að stundum hafa nýir vegarslóðar verið lagðir ofan í eða við gamlar götur.

Í þriðja lagi er oft enginn gerðfræðilegur munur á kindagötum annars vegar og reið- eða göngugötum hins vegar. Sauðfé, hross og menn skilja eftir sig sambærilega stíga. Þetta getur valdið vandræðum, einkanlega þegar verið er að rekja götur sem alls engar ritaðar heimildir eru um. Stundum fer auðvitað ekki á milli mála að gata hefur verið fjölfarin, t.d. þegar margir götupaldrar sjást hlið við hlið eða ef leið er rudd eða vörðuð, líkt og gamla þjóðleiðin yfir Hellurnar. Margar götur eru hins vegar í engu frábrugðnar kindagötum: einfaldir troðningar. Oft er það líka svo að kindur eru einu ferðalangarnir sem hafa viðhaldið gömlum götum eftir að vegagerð hófst að marki.

Í skráningunni var mest áhersla lögð á að kortleggja leiðir sem eru þekktar úr heimildum en þær teljast flestar þjóðleiðir um Hellisheiði. Þær leiðir sem voru raktar á vettvangi voru kortlagðar með því ganga eftir þeim og taka gps- hnit á 2 m fresti. Slík tæki mæla hvern punkt með allt niður í 3 m skekkju eins og frá var greint í 3. kafla.

Í upphafi verks var gerð tilraun með mælingu undir rótum Hverahlíðar, þar sem vitað var að götur væru vel sjáanlegar á loftmynd. Gengið var eftir götunum og slóðin eftir tækið síðan færð inn á loftmyndina og borin saman við það sem þar sást. Niðurstaðan gaf góða raun og sýndi að nákvæmni mælingarinnar var mikil. Lögð var áhersla á að rekja á vettvangi annars vegar leiðir á þeim svæðum sem helst koma til með að verða fyrir raski og hins vegar leiðir sem erfitt var að rekja á loftmyndum. Annarsstaðar voru leiðir víðast hvar raktar af loftmynd. Í kaflanum hér á eftir er nánar gerð grein fyrir aðferðum við hverja leið fyrir sig.

5. Niðurstöður skráningar

Eins og áður sagði var einkum farið um valin svæði í leit að fornleifum. Gengið var um undirlendið vestan undir Ölkelduhnúki og niður í Klambragil. Einnig var gengið um botn Þverárdals og suðurhlíðar Krossfjalla og eins um Kýrgil. Þá var undirlendi meðfram Hengladalaá kannað á öllu afmarkaða svæðinu. Fremstidalur og Skarðsmýri voru skoðuð vel og sömuleiðis undirlendi allt meðfram rótum Hverahlíðar og svæðið þar vestan við allt umhverfis Lakahnúka. Samfelldir hraunflákar voru aðeins skoðaðir að takmörkuðu leyti þar sem vitað var um vörður eða götur. Þetta á t.d. við um svæðið norðan við Hverahlíð allt að Smjörþýfi.

Alls voru skráðar 19 fornleifar á Hellisheiði að þessu sinni og fylgja lýsingar á þeim hér á eftir. Ítarlegri lýsingar og tilvísanir í heimildir eru í fornleifaskrá aftar í skýrslunni á bls. 26. Þar hefur sérhver fornleif sitt skráningarnúmer. Þess skal getið að vörður eru yfirleitt taldar til hluta af þeim leiðum sem þær marka og hefur því hver varða ekki sérnúmer í skránni. Hnit voru samt tekin á þeim öllum og eru þau gefin upp í sjálfri fornleifaskránni. Af þessum fornleifum voru: 9 leiðir, 3 fornleifar sem ekki voru áður þekktar úr skráningu og 7 fornleifar sem höfðu verið skráðar áður og nú voru endurnýjuð hnit á. Hér á eftir verður fjallað um fornleifar á skráningarsvæðinu. Í fyrsta lagi verður tekið fyrir svæðið sem kennt er við Ölkelduháls, í öðru lagi svæðið undir Hverahlíð og í þriðja lagi minjar sem falla utan beggja svæðanna nú þótt sumar þeirra séu innan könnunarsvæðis fornleifa, sbr. kort á bls. 4.

5.1 Ölkelduháls

I. Vegur milli hrauns og hlíðar (721:019)

Vegur milli hrauns og hlíðar var einkum talin leið Grafningsmanna á Suðurnes, í það minnsta í lýsingu frá 1703. Leiðin lá upp frá Kolviðarhóli en þar skildist hún frá götum um Hellurnar og var farið, eins og nafnið gefur til kynna, milli hrauns og hlíðar, þ.e. Orrustuhólshrauns og suður- og austurhlíðar Skarðsmýrarfjalls. Þaðan var haldið til norðausturs á Brúnkollublett nyrðri (einnig nefndur Litli-Brúnkollublettur í örnefnaskrám) sem var áningarstaður vestan undir Ölkelduhnúki. Skv. lýsingum skiptist leiðin í þrennt þar. Gatan sést enn nokkuð víða en er yfirleitt ekki nema einfaldur stígur, nú kindatroðningur. Leiðir hafa greinst í Hellisskarði og efst í því er tvöföld vörðuröð. Reyndar eru aðeins þrjár vörður sjáanlegar í þeirri nyrðri til að byrja með, en hún markar umrædda leið. Syðri vörðuröðin vísar á Hellurnar. Fjórða

Vörður ofan við Hellisskarð, í nyrðri vörðuröðinni.

Varða við borholustæði á leiðinni milli hrauns og hlíðar

varðan er síðan við brún Orrustuhólshrauns nokkru austar en hún er nú á barmi borholustæðis. Gatan sjálf virðist nær allsstaðar horfin undir yngri veg milli hrauns og hlíðar en sést norðan við Skarðsmýri þar sem hún liggur yfir hálsa sem ganga út frá Litla-Skarðsmýrarfjalli. Óglögg er hún í mýrunum norðan Hengladalaár en sést aftur glöggt þar sem hún liggur upp brún austast í Fremstadal en þar heitir Svínahlíð. Þaðan má með allgóðu móti rekja hana næstum alla leið á Brúnkollublett nyrðri og var það gert á vettvangi. Tvö hugsanleg vörðubrot voru skráð á leiðinni og eru þau merkt inn á meðfylgjandi kort á bls. 35. Engar vörður fundust við leiðina með reglulegu millibili og ekki ljóst hvað átt er við í grein sem birtist í Útivist árið 1980 en þar segir að vörður, hlaðnar af mikilli snilli, séu á leiðinni yfir Bitruna.

Nær vonlaust er nú að gera sér grein fyrir þrískiptingu leiðarinnar eftir að nyrðri Brúnkollubletti er náð nema með stoð af rituðum lýsingum. Kemur þar margt til, t.d. rask sem þegar hefur orðið vegna borholna og umferð hestamanna um svæðið. Erfitt getur verið að átta sig á hvort hestamenn nútímans hafa notast við gamla troðninga eða markað nýjar slóðir í svörðinn. Þar að auki er svæðið sundurskorið af hverum, lækjum og giljum. Tvær leiðir munu hafa verið farnar í Grafning af Brúnkollubletti. Önnur þeirra var farin um Þverárdal, niður með Þveránni sem heitir Ölfusvatnsá þegar neðar dregur. Hin hefur skv. ritheimildum legið beint áfram norðan Reykjadals en sunnan Kyllisfells, um Laxárdal niður í Grafning. Hluti af fyrrnefndu leiðinni sést nú vel í sunnaverðum Þverárdal og hefur þar verið stikuð gönguleið, að því er virðist þar sem gamla leiðin lá. Á einum stað við hana hefur steinum verið hróflað upp á jarðfastan klett og hefur það hugsanlega átt að vera vegvísir. Á slóðum síðarnefndu leiðarinnar liggur nú línuvegur sunnan við Álftatjörn og áfram niður Laxárdal en götuslóðar sjást þó í dalnum beggja vegna árinnar og voru raktir á loftmynd. Báðar þessar leiðir eru sýndar sem „óvissar götur“ á korti herforingjaráðs sem mælt var fyrir 1914 en útgefið 1988. Skv. kortinu greinist leiðin um Þverárdal reyndar í tvennt þegar í dalinn er komið og liggur önnur

Grjóthleðsla á kletti sunnan Þverárdals

beint í norður, um skarð vestan Krossfjalla og kemur niður nálægt Hagavík. Ekki sést móta fyrir henni á loftmynd, a.m.k ekki næst Þverárdal, enda eru þar sandar ráðandi. Þriðja leiðin frá Brúnkollubletti er í heimild sögð smalaleið Ölfusinga niður í Reykjadal og er líklegast að hún hafi einfaldlega legið um Klambragil. Þar er troðningur sem er mikið notaður af hestamönnum og má vera að hann sé markaður í eldri slóð.

Að lokum má geta þess að kvísl virðist einnig hafa legið frá götunni við brún Orrustuhólshrauns og til austurs, líklega suður fyrir Litla-Skarðsmýrarfjall. Á loftmynd sést allgreinileg slóð meðfram hraunbrúninni en hún hverfur svo að segja við fjallshlíðina. Giskað hefur verið á að þessa leið hafi sunnanmenn farið í réttir við Orrustuhól forðum daga. Erfitt er að staðfesta það eða afsanna en benda má á að á ferðalögum virðast menn (og sauðfé, ef því er að skipta) hafa tilhneigingu til að fylgja náttúrulegum brúnum í landslaginu, s.s. hraunbrúnum og hlíðarótum, einkum ef þar er valllendi og greiðfært eins og í þessu tilviki.

II. Gata meðfram Bitru (721:073)

Gata undir Bitru, horft í SA.

Þessi leið er sýnd á gömlum herforingja-ráðskortum (atlaskortum) og virðist hafa legið til norðvesturs frá Kömbum, yfir Hengladalaá og þaðan með rótum Bitrunnar að hverum í Fremstadal. Gatan sést enn vel og var rakin að hluta til á vettvangi. Á loftmyndum sýnist hún klofna í a.m.k. þrennt austarlega en hugsanlega er þar aðeins um kindagötur að ræða. Þessi gata liggur þvert á veginn milli hrauns og hlíðar þar sem hann liggur upp Svínahlíð.

III. Garðlag (721:071)

Í brekku utan í vestanverðum Ölkelduhnúki, austur af Brúnkollubletti, vottar fyrir upphækkun sem líkist fornlegu garðlagi. Ekki er útilokað að um jarðsig sé að ræða en þó er upphækkunin

þess eðlis að hún krefst nánari skoðunar ef til stendur að raska svæðinu í framtíðinni. Ekki er hægt að skera úr um hvort upphækkunin er mannaverk nema með könnunarskurði. Garðlagið sést á loftmynd á bls. 39.

IV. Veituummerki við Hengladalaá (721:069)

Nálægt aldamótunum 1900 var Hengladalaá veitt úr farvegi sínum um sláttinn til að hún ylli ekki skaða á engjum Ölfusinga Stífla var sett í hana nálægt Smjörþýfi, þar sem áin sveigir til suðausturs, og henni hleypt í manngerðan farveg sem lá suður í Orrustuhólshraun.

Manngerður farvegur Hengladalaár í Smjörþýfi, horft í suður.

Ummerki um þessar stórtæku framkvæmdir eru enn greinileg og þótt ekki sé um mjög gamlar minjar að ræða teljast þær allmerkar í samhengi landbúnaðarsögu.

Ummerki um þessar framkvæmdir sjást á loftmynd sem er prentuð hér aftan við ásamt kortum, sjá bls. 38.

V. Grjóthlaðin rétt á Ölkelduhálsi (721:068). Ekki reyndist nauðsynlegt að endurnýja hnit á henni, enda stutt síðan hún var skoðuð á vettvangi. Nánar er fjallað um réttina í fornleifaskrá bls. 31.

VI. Áningarstaðurinn Brúnkollublettur (721:032) undir Ölkelduhnúki. Hann var skráður árið 1998 en hnit endurnýjuð nú.

5.2 Hverahlíð

I. Götur undir Hverahlíð (721:072)

Á vettvangi voru skoðaðar og hnitsettar töluvert miklar reiðgötur (721:072) sem gætu hafa tengst Suðurferðagötu/Skógar götum þótt ekki sé unnt að rekja þær saman svo vel sé. Umræddar götur liggja meðfram Hverahlíð til vesturs nánast samfellt þar til komið er að hlíðarendanum vestast. Þar kvíslast þær í a.m.k. tvennt og liggur önnur norður fyrir Lakahnúka en hin suður fyrir. Báðar hverfa þegar hraunbreiðunni sleppir alllangt fyrir vestan hnúkana. Einnig virðast götuslóðar liggja suður Lakadal. Líklegast virðist að allir þessir slóðar hafi komið saman við svonefndan Lágaskarðsveg (721:015) og sennilega fylgt honum upp til norðurs á aðalþjóðleiðina. Það má ímynda sér að leiðin meðfram Hverahlíð hafi verið fullt eins greiðfær og varðaða leiðin um Hellurnar og jafnvel legið beinna við fyrir þá sem komu austan úr Hjallasókn, ekki síst ef menn hafa verið með fjárrekstur eða mikið af hrossum. Í slíkum tilfellum þjónar hlíðin sem fyrirtaks aðhald að sunnanverðu. Reyndar hefur

Götur 721:072 norðan undir Hverahlíð.

Götur 721:072 norðvestan við Lakahnúka, horft í vestur.

sennilega verið erfiðara að tjónka við skepnur þegar hlíðinni sleppti og hraunið tók við og það verður að viðurkennast að syðri slóðinn þar, sá sem liggur suður fyrir hnúkana, sýnist illfær á kafla. Að öðru leyti verður ekki skorið úr um tilgang þessara gatna.

II. Gata við vesturenda Hverahlíðar (721:074)

Greinileg gata var rakin á vettvangi frá vesturenda Hverahlíðar og allt norður í Smiðjulaut (721:013). Virðist sem hún hafi legið þaðan skáhallt til norðvesturs upp hlíðar Stóra-Reykjafells og liggur beinast við að ætla að þaðan hafi verið farið í Hellisskarð.

Gata sem liggur frá vesturenda Hverahlíðar og að Smiðjulaut, horft í suður.

Hugsanlega er um kindagötu að ræða en þó gæti þetta líka hafa verið leið fyrir þá sem ætluðu af Lágaskarðsvegi og áfram norður veginn milli hrauns og hlíðar. Heldur styttra er að fara austur fyrir Stóra-Reykjafell heldur en vestur fyrir, sem væri raunin ef Lágaskarðsvegi væri fylgt allt norður á þjóðleiðina.



Rústin er fremst á myndinni. Fjær er varða við gömlu þjóðleiðina. Horft í SV.

III. Áður óþekkt rúst (721:070)

Við vettvangsgöngu fannst lítil rúst (721:070) undir hraunbrún sunnan við þjóðveg en skammt norðan við gömlu

þjóðleiðina um Hellisheiði (sbr. 721:005). Ekki er ljóst hvaða tilgangi hún hefur gegnt en hugsanlega er um að ræða leifar smiðju frá vegagerð yfir heiðina eða grunn að sæluhúsi sem aldrei var klárað. Ekki er þó víst að rústin sé mjög gömul.

IV. Smiðjulaut (721:013)

Hún er skammt sunnan við núverandi þjóðveg. Í lautinni mun hafa verið smiðja vegagerðarmanna, líklega skömmu fyrir aldamótin 1900. Lautin var skráð 1998 en hnit á henni endurnýjuð nú.

Að auki má nefna að við fyrri skráningu undir Hverahlíð[4] voru skráðar mannvirkjaleifar, sökkull undan húsi, skammt austan við hverasvæðið (hnit N64°00.417 W21°20.475). Í ljós hefur komið að sökkullinn er undan skátaskála Hvergerðinga sem er vart meira en 50-60 ára gamall. Því fellur hann ekki undir skilgreiningu laga á fornleifum.

5.3 Annað

Í þennan flokk falla, sem áður segir, fornleifar sem lenda inni á hvorugu hinna fyrirhuguðu framkvæmdasvæða skv. korti verkfræðistofunnar VGK, sjá bls. 9. Sumar þeirra eru hins vegar innan þess svæðis sem Orkuveitan fór fram á að yrði kannað, sbr. kort á bls. 4.

Tvöfaldar götur í Hellum, horft í austur.

I. Gamla leiðin um Hellisheiði.

Henni má skipta í þrennt: Í fyrsta lagi eru það gömlu reiðgöturnar sem lágu m.a. yfir Hellur, í öðru lagi ummerki um vegagerð Eiríks í Grjóta (1870-1880) og í þriðja lagi gamli þjóðvegurinn sem

[4] Sjá Oddgeir Hansson 2005.

lagður var skömmu fyrir aldamótin 1900.

i. Gamlar reiðgötur og vörður (721:005)

Gömlu göturnar um Hellisheiði lágu um Hellisskarð og áfram austur heiðina allt austur í Ölfus. Eins og margir vita sjást greinilegar götur víða í hrauninu á býsna löngum kafla allt frá því skammt austan við Hellisskarð og töluvert suður fyrir þjóðveg. Tekin voru hnit á öllum vörðum sem eru sjáanlegar á leiðinni, alls 45 talsins og nokkrum vörðurústum að auki. Vestarlega í vörðuröðinni er lítið byrgi en ekki ljóst hvort það er mjög gamalt. Einnig er Hellukofinn frægi fast við leiðina en hann hefur sér númer í fornleifaskránni (sjá 721:024). Þar að auki voru slóðir sem markast hafa í hraunið raktar á vettvangi þar sem þær fundust og hnitsettar. Reyndust þær sumstaðar tvö- og jafnvel þrefaldar. Slóðir sem sjást í gróðurlendi á leiðinni voru hins vegar kortlagðar af loftmynd.

Lítið byrgi í vörðuröðinni, horft í austur.

ii. Vegagerð Eiríks í Grjóta (721:007)

Vegur Eiríks í Grjóta var fyrsti lagði vegurinn yfir Hellisheiði og lá hann um sömu slóðir og gömlu reiðgöturnar. Hann var lagður á árunum milli 1870 og 1880. Vegurinn sést vel á kafla skammt austan við bílveginn sem liggur upp að Skarðsmýrarfjalli. Ekki fundust hins vegar leifar af honum austar, á Hellunum og er reyndar sennilegt að sumstaðar hafi land þótt svo slétt yfirferðar að lítið hafi þurft að hlaða upp.

iii. Gamli þjóðvegurinn (721:061)

Gamli þjóðvegurinn um Hellisheiði var lagður 1894-1895. Lá þá leiðin ekki lengur um Hellisskarð heldur sunnan við Stóra-Reykjafell. Lítið sést nú eftir af upphaflega veginum, enda hefur yngri þjóðvegur verið lagður á sama vegarstæði á 20. öld. Þó sést dágóður bútur í svonefndri Smiðjulaut sem er sunnan núverandi þjóðvegar, um 2 km austan við Hveradali.

Gamli þjóðvegurinn í Smiðjulaut, horft í NA.

Ástæða þess að gamli vegurinn er varðveittur á þessum slóðum er sennilega sú að lautin hefur verið snjóþung og vegurinn því fljótlega fluttur upp á norðurbrún hennar en sá gamli fengið að vera óáreittur í lautinni. Einnig eru leifar af veginum austar, einkum í Kömbum, en voru ekki kortlagðar á vettvangi, enda langt utan áhrifasvæðis framkvæmda.

II. Suðurferðagata (721:066)

Þessi leið var ýmist kölluð Suðurferðagata eða Skógargötur/Skógarmannagötur skv. heimildum því að hún var ýmist farin úr Hjallasókn suður til Reykjavíkur eða áleiðis norður í Grafning til að sækja skóg. Lýsingar og gömul kort gera ráð fyrir að leiðin hafi legið norður-suður, upp frá Háaleitum ofan Þóroddsstaða og mætt þjóðveginum nálægt svonefndum 40 km steini sem nú er horfinn. Götur þessar voru ekki skoðaðar á vettvangi, enda lenda þær töluvert utan áhrifasvæðis framkvæmdanna. Þær sjást sumstaðar ágætlega á loftmynd en þó er ekki vandræðalaust að rekja þær, enda virðast þær víða sundurgrafnar af vatnsaga. Götur, sem ekki er getið í heimildum svo vitað sé en gætu hafa tengst Suðurferðagötum, voru raktar undir norðanverði Hverahlíð. Grein er gerð fyrir þeim hér aftast í kaflanum.

III. Leið um Lágaskarð (721:015)

Þessi leið klofnaði frá þjóðleiðinni í námunda við Kolviðarhól, lá síðan um Hverdalaflöt og nánast beint þaðan til suðurs um svonefnt Lágaskarð og þaðan áfram undir Lönguhlíð. Leiðin mun hafa verið farin allt til Þorlákshafnar og í Selvog. Hún var ekki rakin á vettvangi, enda töluvert utan áhrifasvæðis framkvæmda. Á loftmyndum má sjá slóða hér og þar en þeir rofna þó víða, einkum þar sem land er sendið og grýtt. Þá virðist sumstaðar sem farið hafi verið um svæðið á torfæruhjólum og gæti það villt sýn. Leiðin er sýnd á gömlum herforingjaráðskortum.

IV. Hellukofinn (721:024) við gömlu þjóðleiðina yfir Hellisheiði. Hann var skráður 1998 en hnit nú endurnýjuð.

V. Meint réttarstæði (721:023) sunnan við Orrustuhól, skráð 1998 en hnit nú endurnýjuð.

VI. Orrustuhóll sjálfur (721:044), skráður 1998 en hnit nú endurnýjuð.

VII. Réttarrústa (721:031) í Smjörþýfi við Hengladalaá var leitað að nýju, en þær fundust ekki við skráningu árið 1998 og voru þá taldar horfnar. Litlu er við þetta að bæta nú, enda fundust engar rústir í Smjörþýfi. Hugsanlega er skýringin sú að veituframkvæmdir við Hengladalaá, sem greint er frá hér að ofan, hafi eyðilagt réttina.

6. Samantekt og hættumat

Alls voru skráðar 19 fornleifar á Hellisheiði að þessu sinni. Þær skiptast svo eftir svæðum ef tekið er mið af áætlun um mat á umhverfisáhrifum, sjá kort á bls. 9:

Ölkelduháls	**6**
Hverahlíð	**4**
Annað	**9**

Á hinn bóginn eru sumar fornleifanna í flokknum „annað“ innan þess svæðis sem Orkuveitan fór fram á að yrði tekið út, sjá kort á bls. 4.

Ekki er fyrirsjáanlegt að fornleifar raskist mikið við fyrirhugaðar framkvæmdir Orkuveitunnar. Nokkrar fornleifar teljast þó í hættu:

I. Ölkelduháls: Þar hafa umtalsverðar framkvæmdir þegar farið fram og verður hugsanlega meira rask í framtíðinni. Göturnar sem lágu milli hrauns og hlíðar (721:019) eru nú þegar horfnar að miklu leyti undir veg við rætur Skarðsmýrarfjalls. Fjórar vörður eru enn við göturnar þar sem leiðin kvíslast frá Hellisheiðarvegi skammt ofan við Hellisskarð og sú austasta telst nú í stórhættu, enda er hún fast við borholustæði (hnit á vörðunni er N64°02.294 W21°21.098, sjá neðri mynd á bls. 14). Þarf að fara varlega við framkvæmdir þar í framtíðinni ef varðan á að halda sér. Ekki er ljóst hvort niðurrennslissvæði í Svínahlíð kemur til með að raska götunum en þær virðast liggja á milli hugsanlegra byggingarreita og borholusvæða vestan við Ölkelduhnúk og ættu því að ekki að raskast vegna framkvæmda.

Aðrar fornleifar í námunda við hálsinn eru Ölkelduhálsrétt, áningarstaðurinn Brúnkollublettur og meint garðlag sem liggur utan í hálsinum neðanverðum. Af núverandi framkvæmdaáætlun að dæma virðast allar þessar fornleifar sleppa við áhrif framkvæmda en þó ber að leggja áherslu á að farið verði með gát í framkvæmdir og frekara rask á þessu svæði.

II. Hverahlíð: Eina fornleifin við Hverahlíð sem hætta steðjar að vegna framkvæmdaáætlana eru götur 721:072 allra vestast undir Hverahlíð, þar sem merkt er

hugsanlegt borsvæði.

Fyrirhugað er að bora sunnan við Orrustuhól en hæpið virðist að þær framkvæmdir komi til með að hafa áhrif á hólinn sjálfan eða hugsanlegt réttarstæði við hann.
Aðrar fornleifar eru ekki í hættu að svo stöddu, enda utan fyrirhugaðra framkvæmdasvæða.

Orkuveitan hefur sýnt gott fordæmi í þeirri viðleitni sinni að láta kortleggja gamlar leiðir á skráningarsvæðinu. Slíkt hefur ekki verið gert áður með svo mikilli nákvæmni í fornleifaskráningu. Vonandi á tilraunin á Hellisheiði eftir að vekja frekari athygli á þessum þætti skráningarinnar. Gömlum götum hefur ekki verið sýnd nægileg athygli fram að þessu þótt þær séu síst ómerkari en aðrar fornleifar. Á hinn bóginn getur verið vandasamt að kortleggja þær, enda gilda önnur lögmál en um gömul mannvirki sem hægt er að staðsetja með einum punkti. Þessi vandamál voru rædd í 4. kafla. Eftir á að hyggja hefði verið óskandi að gamla reiðleiðin um Hellurnar hefði verið kortlögð fyrr á svæðinu neðan við Hellisskarð, í skarðinu sjálfu og norðan Reykjafells, þar sem nú er mikið framkvæmdasvæði hjá Orkuveitunni. Ekki er að sjá að framkvæmdir hafi raskað sjáanlegum götum eða vörðum að neinu marki en á hinn bóginn er umhverfi leiðarinnar gjörbreytt. E.t.v. þyrfti að endurskoða aðferðir og kröfur sem eru gerðar við skráningu merkra þjóðleiða á miklum framkvæmdasvæðum þar sem er fyrirsjáanlegt að jarðrask og sjónmengun verði mikil.

Áætlanir Orkuveitunnar eru enn ekki fullmótaðar. Það ber að ítreka að ef þær breytast að einhverju marki ber að endurskoða niðurstöður fornleifaskráningarinnar í nýju ljósi. Sama má segja um vegastæði og allt annað rask sem kann að koma til vegna borsvæða og annarrar mannvirkjagerðar. Ekki þarf mikið útaf að bera til að fornleifum sé raskað af vangá. Fornleifavernd ríkisins sker úr um hvort nauðsynlegt er að gera ráðstafanir til verndar fornleifum á svæðinu.

7. Fornleifaskrá

Hér að aftan fylgir útprentun úr gagnagrunni Fornleifastofnunar, Ísleifu:

ÁR-721:005 *Hellurnar* gata leið 64°01.608N 21°20.084V
"Austur frá Reykjafelli eru Hellurnar, eru þær sléttar klappir, liggja yfir þær djúpar götur eftir hestafætur. Sanna göturnar að yfir þessar sléttu klappir hefur umferð verið allt frá fyrstu byggð hér á landi." segir í örnefnalýsingu. Allt frá því að komið er upp úr Hellisskarði er hálfbert helluhraun austur að miðri heiðinni eða þangað til að fer að halla austur í Ölfus. Á þessari leið, sem merkt er með vörðum (sbr. 007), má víða rekja rás í helluna sem myndast hefur af umferð járnaðra hesta. Helluhraun. Rásin sést fyrst og fremst þar sem hraunið er slétt og ógróið en á milli er mosagróður og grjóthröngl.
FRIÐLÝSTAR MINJAR. 1703: "[Hellisheiðar] vestri partur er víða með sléttum hellum af hraungrjóti, án gatna, nema þær hestanna járn hafa gjört og auðsjáanlegt er, þeim athuga. Þessar sléttu hellur ná allt vestur að Biskupsvörðu." 19.6.1793: "Þegar komið er upp á heiðina [úr Hellisskarði], verður fyrir samfelld hraunbreiða, og er aðeins eitt einstigi yfir hana. Hraunið er að mestu flatar og sléttar hellur, en grjót og melar hér og hvar … Svo mætti virðast, sem einstigi þetta væri höggvið af manna höndum í hraunstorkuna, því þar er svo beint og reglulegt. Víða mælist það allt að 1/2 feti, og má af því marka, hve geysigamall þessi vegur er og fjölfarinn." SP Ferðabók, 194. 1998: Rásin er misgreinileg, yfirleitt um 0,4 m breið (á bilinu 0,25-0,45 m) og víðast 0,05-0,1 m djúp en mest 0,26 m. Samfellda kafla má rekja lengst um 50 metra en yfirleitt mun styttra en á milli liggur leiðin sumstaðar um djúpar rásir þar sem grjóti hefur verið rutt úr veginum en víðar gufar slóðin alveg upp á milli klappasvæðanna og heldur ekki alltaf áfram í beinu framhaldi af því sem sleppti. Á nokkrum stöðum má greina að slóðin er tvö- eða jafnvel þreföld. Sumstaðar sést engin rás þar sem þó er klöpp og annarsstaðar sést rásin aðeins sem örlítil dæld sem ekki verður greind nema af því að litamunur er þannig að bergið er ljósara í rásinni en í kring. Rásin sést mjög skýrt um 100 m sunnan við vörðuröðina, skammt vestan við neyðarskýli slysavarnarfélagsins við þjóðveg 1, en þar skammt vestan við hefur rásin verið skemmd þar sem rafmagnsmastur hefur verið byggt á klöppinni en auk þess hefur hringvegurinn verið lagður yfir klöppina. Rekja má rásina um 200 m til austurs, sunnan við hringveginn, eða u.þ.b. jafnlangt og vörðurnar ná en þar austan við fer að halla undan fæti auk þess sem þar er minna um berar hraunklappir en meira um mosaþembur. 2006: Vegna deiliskráningar fyrir Orkuveituna voru rásirnar í klöppina kortlagðar nákvæmlega með gps-tæki. Tekin voru hnit á um 2 m fresti þar sem slóðin er greypt í klöpp en að öðru leyti var kortlagt eftir loftmynd. Einnig voru tekin hnit við allar vörður og vörðurústir sem fundust á leiðinni. Kortlagt var allt frá Hellisskarði, þar sem vörðurnar byrja og austur eftir Hellum allt suður fyrir þjóðveg nr. 1. Á nokkrum stöðum sjást tvö- og jafnvel þrefaldar samhliða slóðir í hraunhelluna. Lengsta samfellda slóðin sem unnt var að rekja reyndist um 120 m löng og er hún skammt norðan við þjóðveg. Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Þess skal þó getið að í vörðuröðinni, um 560 m vestur af Hellukofa, er lítið, topphlaðið byrgi sem lítur út eins og varða úr fjarska. Það er um 1,4 m hátt og um 1,5 m í þvermál í grunninn. Byrgið er opið í norðvestur. Ekki er ljóst hvort það er gamalt eða hver tilgangur þess hefur verið.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Afr.Ölf. 8; SSÁ, 238; SP Ferðabók, 194.

ÁR-721:007 *Eiríksbrú* vegur leið 64°01.864N 21°21.440W
"Vegir hafa legið yfir Hellisheiði frá ómunatíð. Gata lá upp Kamba, yfir Hurðará og í stefnu á Gíga ofan við Hellisskarð. Í klöppum á þeirri leið eru víða djúpar götur, gengnar á liðnum öldum [065]. Síðar var lagður upphlaðinn vegur, kenndur við Eirík í Grjóta, sömu leið." segir í örnefnaskrá. "Það mun hafa verið nálægt 1880-1881, að Eiríkur Ásmundsson í Grjóta [...] lagði steinilagðan veg um Kamba, yfir allar hæðir og lautir, svo að hann yrði þráðbeinn. Vegna brattans víðast hvar og þess, að ekkert var borið ofan í veg þennan, var hann sjaldan eða aldrei farinn, en sumarið 1894 var upphleypti vegurinn yfir Kamba lagður (061), og var hann krókóttur mjög og aðeins ætlaður gangandi mönnum og ríðandi, svo og vagnhestum." segir í Austantórum. "Frá stóru vörðunni á Efra Skarði lá leiðin til austurs um greiðfært hraun. Þar má sjá götu, sem grjótið hefur verið týnt úr og beinan upphlaðinn veg, þann fyrsta sem lagður var á Hellisheiði. Sá vegur mun hafa verið lagður árið 1879 og kallaður Eiríksvegur. Kenndur við verkstjórann, Eirík Ásmundsson frá Grjótá. Bílaslóðin sunnan fyrir Reykjafell liggur yfir gömlu götuna hjá litlum gíghól . .. Vörðurnar standa sig vel, flestar, og eru 18 vörður frá gíghólnum og austur á Syðri-Þrívörðu. Þar kemur hraunbrún, sem liggur þvert á leiðina. Á brúninni norðan götunnar stendur gamalt sæluhús … Niður af hraunbrúninni liggur sniðgata og enn er helluhraun með sporuðum klöppum. Næsti

áfangi er önnur hraunbrún. Sú er nefnd Eystri Þrívörður. Þar var talin hálfnuð leið yfir Hellisheiði. Þá tekur við ósléttara hraun, sunnan við apalhraunið. Þar er greinileg gata og hefur hún gróið grasi. Þegar nálgast austurbrúnina beygir hún til suðurs, vestan við Hurðarásinn, sem gamli bílvegurinn lá yfir. Síðan gegnum skarð sunnan á ásnum .. . Síðan lá leiðin eftir vatnsfarvegi niður á Kambabrúnina … Síðan lá leiðin um sniðgötu niður Kambabrúnina, skammt ofan við gamla þjóðveginn, sem bíllinn notaði. Greinileg gata liggur niður Kambabrekkuna, gróin grasi. Síðan lá leiðin um melinn, sunnan Hamarsins." segir í Útivist. Eiríksvegur sést greinilega víða, t.d. í Hrauntungu þar sem ný íbúðarhúsabyggð á að rísa. Vegurinn sést undan núverandi þjóðvegi og liggur, þráðbeinn til ASA yfir um allt hið væntanlega íbúðarhverfi. Girðing afmarkar nú svæðið í Hrauntungu en Eiríksvegur liggur áfram ASA við suðurhlið hennar í um 200 m áður en hann fjarar út skammt norðan við íbúðahúsabyggð í Hveragerði.
Vegurinn liggur um mosavaxið hraunlendi.
"Framhald [vegar Eiríks í Grjóta um Svínahraun, b. 1877-78] lá upp um Hellisskarð fyrir ofan Kolviðarhól; þar er enn (1973) efst í skarðinu lítt hrunin hleðslan í vegköntunum. / Hellisskarðsvegur var ekki vagnfær, til þess var hann of brattur .. . Næst á dagskrá á Suðurlandsvegi var að leggja Kamba- og Hellisheiðarveg. Eiríkur frá Grjótá [!] tók þá vegagerð að sér og gefur þann veg enn að líta ef vel er skoðað í Kömbum. Er skemmst frá því verki að segja, að Kambavegur var lagður 1879 og var svo brattur að hann þótti lítt nothæfur og var ekki mikið farinn þau 15 ár sem liðu, þar til næst var lagður vegur um Kamba. 1880 hélt Eiríkur áfram vegarlagningu og lagði nú veginn vestur yfir eystri hluta Hellisheiðar; allt til þess er kom á helluhraunið sem var greiðfærara. Lengd þess vegar var um 4-5 km og var hann þráðbeinn og allvel gerður og er enn vel sýnilegur … Kunnáttuleysi í vegagerð og vantrú á notkun og framtíð vagna olli því, að vegirnir voru lagðir á þann hátt, að þeir útilokuðu þann möguleika að menn hæfu vagnferðir eftir þeim .. Til þess var brattinn í Hellisskarði og Kömbunum of mikill og einnig vantaði akfæran veg frá Reykjavík upp að Svínahrauni. Við þetta ástand sat að mestu fram yfir 1890." segir í Landnámi Ingólfs 2. Vegurinn var færður suður fyrir Reykjafell á svipaðar slóðir og hann er enn í dag 1894-95 sbr. 061. Skráning vegna deiliskipulags í Hveragerði haustið 2002: Eiríksvegur/Eiríksbrú er víða enn mjög greinilegur. Hann er upphlaðinn og beinn og sést greinilega þvert yfir allt það svæði sem nú er skipulagt fyrir íbúðarhúsabyggð. Innan skipulagssvæðisins (þ.e. innan girðingar sem afmarkar svæðið) er vegurinn um 400 m langur. Suðvestan við svæðið sést vegurinn áfram til ASA á um 200 m kafla (en 100 m ASA við girðingu er vegurinn þó ógreinilegur á 10 m kafla þar sem hann liggur niður af hæðinni þar sem Hrauntunga er). Vegurinn er upphlaðinn, víðast 0,2 m á hæð en mest 0,5 m. Hann er víða 4 m á breidd en þar sem hrunið hefur úr honum er hann allt að 6 m á breidd. Vegurinn er nú algróinn mosa. í Hrauntungu liggur Eiríksvegur tvisvar á tveimur stöðum yfir eldri götuna (065) sem liggur niður brekkuna frá þjóðvegi til ASA á svipuðum slóðum. Hann liggur yfir hana vestast á svæðinu þar sem girðing afmarkar svæðið og aftur um 55 m aust-suð-austar. 6-7 m langt skarð er í Eiríksveg þar sem bílslóði liggur í átt að íbúðarhúsi í Hrauntungu. Skráning fyrir Orkuveituna vegna Hellisheiðarvirkjunar haustið 2006: Leifar sjást af Eiríksvegi vestarlega á svonefndum Hellum. Þetta er upphlaðinn vegarbútur, rúmlega 10 m langur og 5 m breiður. Hann er lágur, víðast ekki nema 0,1-0,2 m. Girðing, sem liggur yfir Hellur frá austri til vesturs, er á vegarbrúninni að hluta. Ekki fundust leifar af Eiríksbrú annarsstaðar á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Hellisheiði,1; Austantórur II, 131-2; Útivist 6(1980), 82-86 og Magnús Grímsson: Um vegagerð og hestvagnaferðir á Suðvesturlandi.

ÁR-721:013 *Smiðjulaut* örnefni smiðja 64°01.058N 21°21.789V
"Suður af Reykjafelli er laut fast við veginn, er heitir Smiðjulaut. Þetta nafn er ungt. Þegar vegurinn var lagður yfir Hellisheiði, var byggður kofi í lautinni, þar voru verkfæri vegargjörðarmanna endurbætt," segir í örnefnalýsingu fyrir afrétt Ölfushrepps. Í örnefnalýsingu Hellisheiðar segir: "Skammt fyrir austan Reykjafell er lægð sunnan við veginn. Hún heitir Smiðjulaut. Þar stóð smiðja meðan vegurinn var lagður þar nálægt, upp úr 1890." Smiðjulaut er auðfundin. Hún er fast sunnan við núverandi þjóðveg hér um bil beint norður af vesturenda Hverahlíðar og um 1,5 km austur af Hveradölum.
Stór og mikil laut, umgirt hrauni. Lautinni hefur talsvert verið raskað við vegagerð en í henni sjást leifar gamla þjóðvegarins um Hellisheiði, þess sem var byggður skömmu fyrir aldamótin 1900.
Engin merki sjást um smiðjuna sem lautin er kennd við.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir:Ö-Afr.Ölf. 9; Ö-Hellisheiði, 1

ÁR-721:015 *Lágaskarðsvegur* heimild um leið 6559.508N 2124.611V
"Norður af Lambafellshrauni er Lambafell, sunnan við það er Stakihnúkur, er hann hjá Lágskarði. Eftir skarðinu liggur Lágaskarðsvegur." segir í örnefnalýsingu. Leiðin liggur frá Hveradalaflöt, undir austurhlíðum Lakahnúka og síðan um breitt skarðið yfir slétt og greiðfært helluhraun (að mestu mosagróið) og síðan niður úr skarðinu (sem er meira eins og grunnt dalverpi en skarð) til Þorlákshafnar og í Selvog. Á herforingjaráðskorti frá 1909

(1:50000) er norðurendi leiðarinnar sýndur vestar en hér er gert ráð fyrir. Þar liggur Lágaskarðsleiðin útaf Hellisheiðarvegi undir neðstu brekkum Reykjafells og yfir hraunhólana neðan við Hveradalaflöt en sú leið er mun ógreiðfærari þó hún sé styttri. Á kortinu kvíslast leiðin við Lönguhlíð og liggur ein slóð til Breiðabólstaðar en önnur til Hrauns. Um grasi grónar hlíðar og slétt helluhraun, mosagróið, mjög greiðfær leið.
Fornleifaskráning 1998: Vegurinn er lengst af aðeins kindastígur en nokkur vörðutyppi eru í sjálfu skarðinu (á helluhrauninu) og gætu sum þeirra verið gömul. Á nokkrum stöðum má ímynda sér að hestaumferð hafi gert för í hraunhelluna en hvergi er það skýrt. Þessi leið mun nú ganga undir nafninu Lákastígur (sbr. 020). Steindór Sigurðsson lýsir Lágaskarðsleið í Árbók Ferðafélagsins 1936: "Þessi leið liggur að mestu leyti samhliða Þrengslaleiðinni, en um það bil þremur km austar. Og Meitlarnir mynda takmörkin á milli þeirra. Leiðin liggur … frá Skíðaskálanum, og stefnir suður yfir lága öldu, um 50 m upp á við af veginum í byrjun. Þegar upp á hana er komið, sér greinilega móta fyrir Lágaskarði. … Vestan undir [Lákahnúkum] er víðast hvar graslendi, sem ásamt haganum undir Lönguhlíð, austar á leiðinni, hefir orðið til þess að gera leið þessa vinsælli en Þrengslaleiðina. Lágaskarðsleiðin var ein aðalþjóðleiðin yfir Hellisheiði, allt fram að því að akvegur var gerður yfir heiðina og sjálfsögðust leið allra austanmanna, er um Eyrarbakka komu og fóru yfir Ölfusá í Óseyrarnesi og um Hafnarskeið. … Vestan undir Stóra-Sandfelli er hádepill Lágaskarðsleiðar, 303 m. Skammt austar liggur leiðin niður brekku eina talsvert bratta en ei langa, og þegar kemur á brekkubrúnina, sér vegfarandinn hvar Eldborgarhraunið breiðist út vestur með Meitilstöglunum og allt vestur að Sandfelli. … Með heiðarbrúninni er greiðfær og götum troðinn grasmói, og heiðin fyrir ofan hann - að suðurbunga Skálafells, heitir Langahlíð. / Norðaustur af Krossfjöllum skiptast leiðir … en gamla aðalleiðin lá suðaustur með Lönguhlíð, niður hjá Kömbum og Kerlingadrögum, vestanvert við brún Hjallafjalls og annaðhvort austur með fjallsbrúninni, að Hjalla eða suðvestur undir hraunið, að hrauni, sem var fyrrum alkunnur viðkomustaður þeirra, sem Lágaskarð fóru. / Lágaskarðsleið er úr Hveradölum … austur að Hjalla … nál. 24 km." Steinþór Sigurðsson & Skúli Skúlason: "IV. Austur yfir fjall." ÁFÍ 1936, 116-118. Hálfdan Jónsson getur Lágaskarðsleiðar í lýsingu Ölfushrepps frá 1703: "Á þessum fjallgarði, er fyrir norðan þessa byggð sveitarinnar liggur, eru þrír vegir vestur á Suðurnes, nefnilega Ólafsskarð, Lágaskarð og Sanddalavegur, hvorjir allir saman koma í einn veg á vestanverðu fjallinu, þá byggðarlönd taka til Suðurnesjajarða." SSÁ, 236. 1840: ".. . Lágaskarð vestur á Bolavelli, er alfaravegur til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar .. . Lágaskarð er … vel rudd." SSÁ, 205 "Einnig mátti fara um Lágaskarð sem er austar en Þrengslavegur liggur nú. Þeir sem komu "út á Eyrum" og þurftu að komast fljótt til Þingvalla hafa valið þessa leið. Hún var styst." SB III, 198 Við fornleifaskráningu haustið 2006 var leiðin rakin á loftmynd. Ekki er hægt að rekja hana samfellt en þó sjást götuslóðar hér og þar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Afr.Ölf. 9; SSÁ, 236; ÁFÍ 1936, 116-118; SB III, 198

ÁR-721:019 *Milli hrauns og hlíðar* heimild um leið 64°02.554N 21°19.330V
1703; "Undir [Skarðsmýrarfjöllum] og um Hengladali síðan vestur á Hellirsskarð liggur vegur Grafningsmanna á Suðurnes, er kallast Milli hrauns og hlíðar." "[Orustuhólshraun] er sunnan undir Stóra-Skarðsmýrarfjalli. Austur með fjallinu er vegurinn milli Hrauns og hlíðar." segir í örnefnalýsingu og í annarri: "[Gata er] út frá gamla veginum ofan við Hellisskarð, austur í Fremstadal og áfram austur í Grafning. Þessi leið heitir Milli hrauns og hlíða." Skráning 1998: Vestast liggur leiðin neðst í hlíð Skarðsmýrarfjalls en þar fellur hraunið þétt upp að hlíðinni og er slóðin í vikinu á milli. Bílaslóð er nú á sama stað og austur í Skarðsmýri en þaðan hefur leiðin legið áfram norðan við Litla-Skarðsmýrarfjall, yfir Hengladalsá og yfir mýrlendið í Fremstadal, upp Svínahlíð sem er austurhlið dalsins og þar yfir á Brúnkollubletti en þá er landi farið að halla til norðurs og þar skiljast leiðir, liggur önnur að Ölfusvatni en hin að Nesjum. Fáar vörður eru á þessari leið og hvergi samfellt.
"Þegar upp á brúnina [á Efri Völlum] kemur blasa við tvær raðir af vörðum. Önnur til norðausturs og vísar á veginn milli hrauns og hlíðar. .. . Fyrst liggur hún um sléttan hraunfláka og stefnir á gígaröð, sem er utan í fjallinu, Skarðsmýrarfjalli .. . Brátt tekur við, á hægri hönd, úfin hraunbrún með skvompum og skápum, sem gaman er að skoða. Bílaslóð er þarna sæmilega greið .. . Þegar austur fyrir hraunið kemur er mýrarblettur, sem heitir Stóra Skarðsmýri, sæmilegur hestahagi. Af Skarðsmýrum lá leið vestan Litla-Skarðsmýrarfjalls, með Orustuhólshrauninu niður á eyrar Hengladalaár. Þar eru greinilegar götur. Þá leið hafa "Sunnanmenn" farið í réttirnar, þegar þær voru við Orustuhól. .. . Ef haldið er áfram til austurs af Skarðsmýrunum, liggur leiðin um lágan háls, norðan Litla-Skarðsmýrarfjalls. Þegar yfir hann kemur, blasir við grösugur dalur, Fremstidalur .. . hestaleið liggur þvert yfir dalinn og uppá Bitruna. Þar heitir Járnklif, nokkuð bratt. Varða er á brúninni. Síðan liggur leiðin þvert yfir Bitruna. Nokkrar vörður eru á leiðinni, sumar hlaðnar af mikilli snilli. Austur af Bitrunni tekur við djúpt gil. Þar eru víða hverir. Þegar yfir gilið kemur skiptast leiðir. Ein liggur til norðausturs um Þverárdal til Grafnings. Önnur beint áfram á vatnaskilum, norðan Reykjadals, sunnan Kyllisfells og um Laxárdal, austur í Grafning. Einnig er hægt að fara niður í Reykjadal, vestan Ölkelduhnúks og þaðan niður í Ölfus. Hinar tvær fyrsttöldu voru þjóðleiðir úr Grafningi, en sú síðasttalda smalaleið Ölfusinga. Frá Járnklifinu lá leið til suðausturs um Bitruna, austan við ávalt fjall, sem heitir Ástaðafjall. Austan þess var góður

áningarstaður í Kvíunum. Þaðan niður Krossselsstíg niður að Kaldá [Hengladalaá]. Fyrrnefnd leið austan Orustuhólshrauns lá niður með Svínahlíðinni, vestan Ástaðafjalls um Tæpastíg, meðfram ánni norðanvert og kom á sömu leið og þeir, sem fóru Bitruna. Síðan lá leiðin austan Varmár, um túnið í Reykjakoti …" Útivist 6(1980), 82-83. Leiðin Milli hrauns og hlíðar var kortlögð nokkuð rækilega við skráningu fyrir Orkuveituna árið 2006, bæði af loftmyndum og á vettvangi. Gatan sést enn nokkuð víða en er yfirleitt ekki nema einfaldur stígur, nú kindatroðningur. Svo virðist sem leiðir hafi greinst í Hellisskarði því efst í því er tvöföld vörðuröð. Reyndar eru aðeins þrjár vörður sjáanlegar í þeirri nyrðri til að byrja með, en hún markar umrædda leið. Syðri vörðuröðin vísar á Hellurnar. Fjórða varðan er síðan við brún Orrustuhólshrauns nokkru austar en hún er nú á barmi borholustæðis (hnit á þessum vörðum eru hér að neðan). Gatan sjálf virðist nær allsstaðar horfin undir yngri veg milli hrauns og hlíðar en sést norðan við Skarðsmýri þar sem hún liggur yfir hálsa sem eru samfastir Litla-Skarðsmýrarfjalli. Óglögg er hún í mýrunum norðan Hengladalaár en sést aftur glöggt þar sem hún liggur upp brún austast í Fremstadal en þar heitir Svínahlíð. Þaðan má með allgóðu móti rekja hana næstum alla leið á Brúnkollublett nyrðri og var það gert á vettvangi. Þrjú hugsanleg vörðubrot voru skráð á leiðinni, öll mjög lítilfjörleg. Ekkert bendir þó til að vörður hafi verið við leiðina með reglulegu millibili og ekki ljóst hvað átt er við í grein sem birtist í Útivist árið 1980 en þar segir að vörður, hlaðnar af mikilli snilli, séu á leiðinni yfir Bitruna. Nær vonlaust er nú að gera sér grein fyrir þrískiptingu leiðarinnar eftir að nyrðri Brúnkollubletti er náð nema með stoð af rituðum lýsingum. Kemur þar margt til, t.d. rask sem þegar hefur orðið vegna borholna og umferð hestamanna um svæðið. Erfitt getur verið að átta sig á hvort þeir hafa notast við gamla troðninga eða markað nýjar slóðir í svörðinn. Þar að auki er svæðið sundurskorið af hverum, lækjum og giljum. Tvær leiðir munu hafa verið farnar í Grafning af Brúnkollubletti, önnur um Þverárdal, niður með Þveránni en hún heitir Ölfusvatnsá þegar neðar dregur. Hin hefur skv. ritheimildum legið beint áfram norðan Reykjadals en sunnan Kyllisfells, um Laxárdal niður í Grafning. Hluti af fyrrnefndu leiðinni sést nú vel í sunnaverðum Þverárdal og hefur þar verið stikuð gönguleið, að því er virðist þar sem gamla leiðin lá. Á slóðum síðarnefndu leiðarinnar liggur nú línuvegur sunnan við Álftatjörn og áfram niður Laxárdal en götuslóðar sjást þó í dalnum beggja vegna árinnar og voru raktir á loftmynd. Báðar þessar leiðir eru sýndar sem „óvissar götur“ á korti herforingjaráðs sem mælt var fyrir 1914 en útgefið 1988. Skv. kortinu skiptist leiðin um Þverárdal reyndar í tvennt þegar í dalinn er komið og liggur önnur beint í norður, um skarð vestan Krossfjalla og kemur niður nálægt Hagavík. Ekki sést móta fyrir henni á loftmynd, a.m.k ekki næst Þverárdal, enda eru þar sandar ráðandi. Þriðja leiðin frá Brúnkollubletti er í heimild sögð smalaleið Ölfusinga niður í Reykjadal og er líklegast að hún hafi einfaldlega legið um Klambragil. Þar er troðningur sem er mikið notaður af hestamönnum og má vera að hann sé markaður í eldri slóð.

Að lokum má geta þess að kvísl virðist einnig hafa legið frá götunni við brún Orrustuhólshrauns og til austurs, líklega suður fyrir Litla-Skarðsmýrarfjall. Á loftmynd sést allgreinileg slóð meðfram hraunbrúninni en hún hverfur svo að segja við fjallshlíðina. Giskað hefur verið á að þessa leið hafi sunnanmenn farið í réttir við Orrustuhól forðum daga. Erfitt er að staðfesta það eða afsanna en benda má á að á ferðalögum virðast menn (og sauðfé, ef því er að skipta) hafa tilhneigingu til að fylgja náttúrulegum brúnum í landslaginu, s.s. hraunbrúnum og hlíðarótum, einkum ef þar er valllendi og greiðfært eins og í þessu tilviki.

Hnit á vörðum ofan við Hellisskarð, talið frá vestri til austurs:

N64 02.100 W21 22.275
N64 02.099 W21 22.150
N64 02.107 W21 22.096
N64 02.294 W21 21.098

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda og vegagerðar
Heimildir:SSÁ, 240; Ö-Kolviðarhóll,1; Ö-Hellisheiði,1

ÁR-721:023 hleðsla rétt 64°01.731N 21°18.149V

1703: "Fyrir austan Skarðsmýrarfjöllin er kallaður Orustuhóll og þó fyrir vestan ána, er úr Hengladölum fram rennur. Þar undir hrauninu sjást enn í dag glögg merki til fjárrétta, er menn heyrt hafa brúkað hafi í fyrri tíð Ölves innbyggjarar og Suðurnesjamenn, þá saman og til afréttarins hvorutveggja rekið höfðu, og hafi á milli þessara óeining komið, hvar af Orustuhóll mun nafn sitt draga." segir Hálfdan Jónsson í lýsingu sinni. "Austan undir hrauninu er Orustuholl. Gömul sögn segir, að á þessum slóðum hafi verið sundurdráttarrétt. Áttu réttarmenn að hafa orðið missáttir og barist á hólnum. Engin mannvirki sjást þar nú." segir í örnefnalýsingu. Kolbeinn Guðmundsson telur sig hafa fundið þessar gömlu réttir eftir lýsingu Hálfdanar: "Réttirnar hafa verið fast við hólinn suðvestanverðan. Hefir þar verið að miklu leyti sjálfgert aðhald. Hóllinn annars vegar og hraunbrúnin hins vegar. Hvort tveggja snarbratt, svo að lítið hefir þurft að hlaða. Réttunum hefir verið skipt í tvennt. Vestari hlutinn talsvert minni. Dilkar hafa ekki verið eins og nú tíðkast í réttum. Aðaldyr snúa í austur, og hafa þær verið um 2 faðmar að vídd." Suðvestan við Orrustuhól er alldjúp gjá með bröttum veggjum sem liggur í sveig frá austri til suðvesturs. Hún er um 15-20 m breið og alls um 70 m löng og hækkar botninn mjög til vesturs og dregst gjáin þar saman. Austurendinn opnast út á gróið hraunið sunnan og austan við hólinn en að vestan er yngra og úfnara hraun sem gjáin er í. Þar sem gjárbotninn verður ósléttur vestantil og fer að hækka

mikið hefur verið hlaðið steinum fyrir og eru þeir mjög mosagrónir. tveir stórir steinar í botninum gætu verið komnir þangað af sjálfum sér en sunnan við þá er greinileg hleðsla, um 1,5 m löng og um 3 umför. Engin önnur mannvirki eru greinileg á þessum stað en gjáin hefur verið mjög gott aðhald af náttúrunnar hendi og hefur þó þurft að hlaða fyrir austurendann en þar sjást engar hleðslur.
Gjáin er gróin í botninn en hrunið hefur ofaní hana, nú síðast allmikið bjarg í jarðskjálfta í júní 1998.
Norðan við Orrustuhólinn er önnur gjá, styttri og grynnri sem einnig hefði mátt nota sem aðhald, en þar er grashvammur norðan við, en lítið beitiland er sunnan við hólinn þó hraunið þar næst honum sé sléttara og grónara en yngra hraunið sem fjær er. Orrustuhóll var aftur kannaður við fornleifaskráningu 2006 og hnit þá endurnýjuð. Að öðru leyti er fátt um þá skráningu að segja annað en það að full ástæða er til að efast um að grjótruðningurinn ofan í gjánni sé hleðsla, hann virðist fremur náttúrumyndun. Að öðru leyti er gjáin fyrirtaks aðhald frá náttúrunnar hendi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:SSÁ, 240; Reykjanesfjallgarður, 4; GR II, 310.

ÁR-721:024 *Hellukofi* hús sæluhús 6401.779N 2120.681V
"Á stórri klöpp vestarlega á heiðinni var stór varða sem hét Biskupsvarða. Nálægt 1830 var byggður borghlaðinn kofi, um 2 m í þvermál að innan á sömu klöppinni. Hann stendur ennþá og er nefndur Hellukofi, enda byggður úr hraunhellum eingöngu, veggir og þak." segir í örnefnalýsingu. Kofinn er um 70 m norður af hinni vörðuðu Hellisheiðarleið, um 1,3 km vestan við neyðarskýli LHS við þjóðveg 1.
Kofinn stendur framarlega á klapparbrún og er hann sjálfur á upphækkun á klöppinni. Kofinn sést allsstaðar af heiðinni. Í kringum hann sést hvar hleðslugrjót hefur verið rifið upp.
FRIÐLÝSTAR MINJAR. Friðlýst 13.5.1971. "var byggður um 1830. Það gerði Þórður Erlendsson, þá bóndi á Völlum, síðar Tannastöðum. Biskupsvarða var stór og hlaðin í kross með 4 arma, þá var skjól í kverkunum. Hún var mjög gömul og hrunin í rúst. Hún stóð á klöpp hægra megin við veginn, þegar suður var farið (til Faxaflóa). Kofinn var byggður úr sama grjótinu, og að öllum líkindum á sömu klöppinni. Heimild fyrir þessu er Skúli Helgason, eftir Kolbeini Guðmundssyni bónda á Úlfljótsvatni, en hann hafði það eftir gömlum mönnum og langminnugum." Eiríkur Einarsson: Örnefni og minjar í Hjallasókn, 1976 (hdr). "Á þeim stað sem hétu Syðri-Þrívörður var laust eftir 1820 byggður sæluhúskofi, borghlaðinn úr grjóti og þéttur með mosa. Kofi sá stendur enn óhaggaður eftir rúm 150 ár. Lítið skjól er þar nú því að þétting öll er fokin í burtu." SB III, 282. Kofinn er ferhyrndur að innan, 2x2 m og 1,85 m undir þak, um 20 umför af 7-15 sm þykkum hraunhellum. Suðausturhorn þaksins er aðeins farið að síga inn en annars standa hleðslurnar mjög vel. Dyr eru á norðurhlið, austantil. Veggir eru um 0,8 m þykkir við dyraop, þar er þröskuldur, 2 umför af hraunhellum. Talsverður mosi og skófir eru á kofanum. Inni í kofanum er hart moldargólf, að mestu slétt. Ekkert friðlýsingarmerki er á staðnum. Kofinn var skoðaður á ný árið 2006 vegna fornleifaskráningar fyrir Orkuveituna. Engu er við skráninguna að bæta og kofinn í góðu ástandi. Hnit voru endurnýjuð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hellisheið,1; Skrá um friðlýstar fornleifar, 77; Eiríkur Einarsson: Örnefni og minjar í Hjallasókn, 1976 (hdr); SB III, 282.

ÁR-721:031 heimild um rétt 64°01.820N 21 16.920V
"Eftir bardagann í Orusturhólsréttum áttu Ölfusingar og Mosfellssveitarmenn að hafa skilið félag sitt um fjallleitir, og fluttu þá Ölfusingar réttir sínar austur á heiðina, austur fyrir Hengladalaá. [Árið 1878 var fé rekið inn í Hengladali] Var riðið fram Smjörþýfi og fram með Hengladalaánni, og sýndi þá gamall maður, er í förinni var, okkur yngri rekstarmönnunum þessar réttir. Sást þá vel fyrir þeim, bæði almenning og dilkum, þótt djúp skörð væru hrunin í veggi. Sumir dilkanna voru allstórir, gerði ekkert, almenningsdyr sneru á Hengil. Sennilega hefir Ölfusingum þótt afundið að hafa lögréttir sínar uppi á fjalli, og voru því réttirnar færðar undir Ingólfsfjall að Hvammi þegar fyrir 1700." Réttin fannst ekki og gæti verið farin í ána sem brýtur mikið af bökkunum. Smjörþýfi er um 1,5x0,5 km stór þúfnamói, mjög grösugur og greinilega gott beitiland. Suðaustan við tekur við lyngmói.
Af lýsingunni að dæma hefur réttin átt að vera norðan til á Smjörþýfi nálægt ánni og reiðgötunum sem liggja nálægt henni inn í Hengladali og eru mjög skýrar. Farvegur eftir leysingavatn er einnig undir brekkurótunum austanmegin norðantil á Smjörþýfi og gæti þar hafa verið réttarstæði sem síðan hefur horfið. Réttarinnar var leitað að nýju árið 2006 vegna skráningar fyrir Orkuveitu Reykjavíkur en fannst ekki. Því má við bæta að sunnan við Hengladalaá, þar sem hún sveigir úr norðri til suðausturs, er mikill og greinilegur, manngerður farvegur. Ánni var veitt niður í hann nálægt aldamótunum 1900, sjá nánar nr.069. Það er hugsanlegt að vatnsveitingar þessar hafi á einhvern hátt stuðlað að hvarfi réttarinnar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:GR II, 302

ÁR-721:032 *Brúnkollublettur nyrðri* heimild um áningarstað 64°03.237N 21°14.164V
"Vestur Ölkelduháls liggja hreppamörkin milli Ölfushrepps og Grafnings. Þar er Brúnkollublettur nyrðri á mörkum hreppanna, áningarstaður ferðamanna, sem fóru leiðina milli Hrauns og hlíða." segir í örnefnalýsingu. Í annarri lýsingu segir: "Austan við Bitru er Ölkelduháls. Hjá hálsinum er Litli-Brúnkollublettur," og virðist átt við einn og sama stað. Heitið á að öllum líkindum við grösugan mýrarblett sem er í kvos vestan undir hálsinum, sunnan við veginn sem nú liggur upp á hálsinn miðjan. Ekki er þó útilokað að átt sé við grashvamma ofan við mýrina.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Ölfusvatn-a, 4; Ö-Hengill, 2

ÁR-721:044 *Orrustuhóll* sögustaður 64°01.800N 21°18.116V
Orrustuhóll er við suðurenda Litla Skarðsmýrarfjalls, um 300 m vestan við Hengladalsá og er breiður hvammur norðaustan við hólinn og er þar dálítið graslendi í hlíðum en annars er hraun allt í kring. Hóllinn sést vel víða af heiðinni. Hálfdán Jónsson greinir frá sögn um uppruna nafnsins í lýsingu Ölfushrepps frá 1703: "Fyrir austan Skarðsmýrarfjöllin er kallaður Orustuhóll og þó fyrir vestan ána, er úr Hengladölum fram rennur. Þar undir hrauninu sjást enn í dag glögg merki til fjárrétta, er menn heyrt hafa brúkað hafi í fyrri tíð Ölves innbyggjarar og Suðurnesjamenn, þá saman og til afréttarins hvorutveggja rekið höfðu, og hafi á milli þessara óeining komið, hvar af Örustuhóll mun nafn sitt draga." Um meintar réttarleifar suðvestan undir hólnum sjá 023
Hættumat: engin hætta
Heimildir:SSÁ, 240

ÁR-721:061 vegur leið 64°00.240N 21°12.826V
Nýr vegur var lagður um Hellisheiði 1894-95: "Við nýlagningu vegarins austur lét Sigurður [Thoroddsen landsverkfræðingur] færa veginn frá hinu bratta og óvagnfæra Hellisskarði, og sveigði veginn suður fyrir Reykjafell um Hveradali. Hellisheiðarvegurinn, sem lagður var á þessum árum var, að undirstöðu til, að mestu leyti, utan nokkurra styttri kafla, svo sem í Smiðjulaut, sá hinn sami og var þjóðvegur allt fram til hausts 1972, er hraðbraut með bundnu slitlagi var tekin í notkun litlu norðar. / Sigurður mældi fyrir veginum upp Kamba og varð nú að miða við dráttargetu hesta, enda voru 18 "hárnálarbeygjur" á þeirri löngu brekku og breyting mikil frá vegi Eiríks frá Grjótá. .. . Kambavegur var lagður 1894 og sama ár var byrjað á Hellisheiðarveginum og lokið við hann árið eftir." Vegur þessi var endurbættur og notaður allt til 1972 og sést hann enn. Hann liggur til ASA sunnan við Hrauntungu þar sem nú er áætluð íbúðarhúsabyggð og er enn notaður að hluta.
Vegurinn liggur um mosavaxið hraunlendi.
Malarvegur notaður og endurbættur í um 80 ár áður en sá þjóðvegur sem nú er notaður var lagður.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Magnús Grímsson: Um vegagerð og hestvagnaferðir á Suðvesturlandi, Landnám Ingólfs 2(1985), 93.

ÁR-721:066 *Suðurferðagata* gata leið 64°00.441N 21°20.897V
"Suðurferðagata...liggur rétt innan, norðan, við Selás að Hlíðarhorni, suðausturhorni Hverahlíðar, inn með Hverahlíð stuttan spöl, þá austur yfir hraunið, brunahrauntunguna, og austur á þjóðveginn á Hellisheiði hjá 40-KM-steininum, rétt fyrir vestan Loftið." Segir í örnefnaskrá Þurár. "Suðurferðagata, sem mikið var farin úr Hjallasókn til Reykjavíkur, eða suður, eins og sagt var, lá um Móvöllinn fyrir austan Vindleysu og fyrir vestan Lambakró..." Segir í örnefnaskrá Ytri-Þurár. "Ofan kletta og Grjóta eru Hryggir, grjóthryggir og lægðir á milli þeirra...Austastur Hryggjanna er Sandhryggur, við Hvanngil. Upp Sandhrygg liggur Suðurferðagata, sem líka nefndist Skógargata. Suðurferðagata lá upp með Vindleysu að austan, upp Grjótin fyrir vestan Lambakró, upp Sandhrygg, milli Háaleita, yfir Smalaskarðsbrekkur innst, rétt fyrir innan Selás, að Hlíðarhorni, spölkorn inn með Hverahlíð og austur á þjóðveginn á Hellisheiði. Suðurferðagata hét hún af því hún var farin suður til Reykjavíkur, en Skógargata af því að hún var farin áleiðis upp í Grafning til að sækja skóg. Þegar vagnfær leið var rudd af þjóðveginum fyrir neðan Kamba út í Hjallasókn, upp úr 1910, lagðist niður umferð um Suðurferðagötu," segir í örnefnaskrá Þóroddsstaða. "Úr Hjallasókn austanverðri var fjölfarin leið upp á Hellisheiði. Heitir hún Suðurferðagata. Hún liggur milli Háaleita, hjá Hlíðarhorni, og þaðan austur á þjóðveginn rétt fyrir vestan loftið, hjá 40-km. Steininum. Ennfremur lá gata inn með Hverahlíðinni að Einbúa, og frá honum norður á þjóðveginn, austan við Láguhlíð," segir í örnefnaskrá Hellisheiðar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Þurá, bls. 4; Ö-Ytri-Þurá, bls. 2; Ö-Þóroddsstaðir; Ö-Hellisheiði, bls.2

ÁR-721:068 *Ölkelduhálsrétt* tóft rétt 64°03.537N 21°14.018V
Ölkelduhálsrétt er á hverasvæðinu sunnan til við Ölkelduháls skammt sunnan við veginn sem liggur yfir hálsinn. Hverasvæði með gróðurvinjum hér og þar. Víða uppblásinn melur.
Réttin sem er hlaðin úr grágrýti, er um 24x19 m að stærð og skiptist í þrjú hólf. Hleðslur eru að mestu hrundar

og nær hleðsluhæðin mest um 0,5 m.
Hættumat: engin hætta

ÁR-721:069 gryfja áveita
"Um margra ára bil eða áratuga, kring um síðustu aldamót var Hengladalaá veitt vestur í hraun um sláttinn, til að koma í veg fyrir heyskaða af völdum flóða úr ánni. Þá var gert Loftið á veginn," segir í örnefnalýsingu Hellisheiðar. "Nálægt síðustu aldamótum gerðu Ölfusingar tilraun til að bægja Hengladalaánni frá engjum sínum um sláttinn, því hún hafði oft veitt þeim þungar búsifjar. Var þá sett stífla í ána sunnan við Smjörþýfi og Orustuhólshraun og henni veitt vestur á Hellisheiði. Myndaði hún þá þennan farveg og rann niður í hraunið vestan við Hurðarásvötnin. Þá var látin brú á farveginn - og kölluð Loft -. Seinna hef ég heyrt að ferðamenn hafi kallað þetta svæði Loftin, en enginn vissi hvers vegna," segir í athugasemdum Eiríks Einarssonar við skrif í Árbók Ferðafélagsins 1936. Farvegurinn eftir þessar miklu vatnsveitingar sést enn vel og hlýtur raunar að hafa verið lagfærður með stórvirkum vinnuvélum undir það síðasta. Hann liggur til suðurs frá ánni þar sem hún rennur úr norðri til suðausturs skammt norðan við brún Orrustuhólshrauns.
Grasi gróið sléttlendi en dálitlir hraunhólar hér og þar.
Farvegurinn liggur fyrst til suðvesturs frá suðurbakka Hengladalaár en sveigir síðan næstum beint í vestur. Hann er alls 260-270 m langur, allt að 10 m breiður nyrst þar sem hann mætir ánni en annars víðast hvar 6-7 m á breidd. Hann er alveg sléttur í botninn og háir malarruðningar meðfram honum beggja vegna. Farvegurinn endar fast við hraunbrúnina og hlýtur áin að hafa runnið áfram til suðurs undir hrauninu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hellisheiði, 2; Nágrenni Reykjavíkur, 2

ÁR-721:070 tóft óþekkt 64°01.240N 21°18.459V
Lítil tóft er um 50 m norðaustan við austustu vörðuna á leið um Hellurnar (005) og um 150 m sunnan við núverandi þjóðveg. Lyngi- og grasivaxin laut sunnan undir hálfgrónum hraunás. Sunnar er mosavaxið hraun.
Grjóthlaðin tóft, einföld og að langmestu leyti hrunin. Þó má greina 2-3 umför grjóts í norðurvegg. Hlaðið er úr fremur stóru grjóti. Tóftin er alls um 3,5 x 3 m en hefur upphaflega verið heldur minni, áður en veggir tóku að hrynja út. Op er í vesturátt. Norðurveggur myndar nánast rétt horn við austurgafl en dálítið rof er í austurgaflinn sjálfan. Suðurveggur er óreglulegri en hinir, hefur hrunið út og er vart meira en grjóthrúga nú, mjög mosavaxin. Ekkert bendir til að veggir hafi verið hærri en 0,4-0,5 m. Óljós gata liggur frá austri til vesturs fast sunnan við tóftina og virðist áframhald á götum um Hellurnar.
Hættumat: engin hætta

ÁR-721:071 garðlag vörslugarður 64°03.374N 21°13.992V
Upphækkun sem líkist fornlegu garðlagi er utan í vesturhlíð Ölkelduháls, um 200 m norðaustur af Brúnkollubletti og tæpa 300 m suður af Ölkelduhálsrétt.
Grasgefin hlíð mót vestri. Garðlagið liggur frá suðri til norðurs. Upptökin að sunnan eru við dálítið gil en síðan er hægt að rekja það rétt um 100 m til norðurs. Allsstaðar er upphækkunin greinileg, þó er vestari brúnin, þ.e. sú sem er neðar í brekkunni, greinilegri en sú efri, víðast um 0,3-0,5 m á hæð. Breidd garðsins er á bilinu 2-3 m. Hann endar þar sem hlíðin tekur að sveigja meira til austurs. Vestan við suðurendann er töluvert þýfi en ekki greinilegar tóftir. Ef upphækkunin er leifar af hlöðnum garði er líklegast að það hafi verið vörslugarður fyrir búfénað.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

ÁR-721:072 gata leið 64°00.396N 21°21.338V
Götur liggja frá austri til vesturs norðan undir Hverahlíð. Gróið valllendi er víðast hvar meðfram rótum hlíðarinnar. Göturnar eru nánast samfelldar allt frá vesturenda Hverahlíðar og austurfyrir stakan hól sem nefnist Einbúi. Á loftmyndum má rekja þær áfram, sennilega allt niður í Ölfus. Hugsanlegt er að göturnar hafi tengst Suðurferðagötu 066 en þó tókst ekki að rekja þær saman. Þar sem Hverahlíð sleppir vestast virðast göturnar kvíslast í a.m.k. tvennt og liggur önnur kvíslin suðurfyrir Lakahnúka en hin norðurfyrir. Göturnar teljast í hættu vegna fyrirhugaðra byggingareita, norðan við vesturenda Hverahlíðar og sunnan við, í Lakakrók.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

ÁR-721:073 gata leið 64°01.830N 21°16.261V
Á herforingjaráðskorti frá 1908 og einnig á yngri kortum er sýnd leið meðfram rótum Bitrunnar að sunnanverðu. Víðast hvar vel gróið land. Leiðin hefur skv. kortum legið til norðvesturs frá Kömbum, yfir Hengladalaá og síðan meðfram rótum Bitrunnar að hverum í Fremstadal. Gatan sést enn vel víða og var rakin á vettvangi undir Bitru en austan við veginn sem nú liggur að borholum á Ölkelduhálsi. Gatan liggur þvert á veginn milli hrauns og hlíðar þar sem hann liggur upp Svínahlíð.

ÁR-721:074 gata leið 64°00.520N 21°21.776V
Greinileg gata var rakin á vettvangi frá vesturenda Hverahlíðar og allt norður í Smiðjulaut.
Mosagróið hraun. Gatan er mjög skýr allt frá Hverahlíð og norður að Smiðjulaut, einfaldur slóði sem sést vel. Norðan við Smiðjulaut hefur hann af loftmynd að dæma legið skáhallt til norðvesturs upp hlíðar Stóra-Reykjafells og liggur beinast við að ætla að þaðan hafi verið farið í Hellisskarð. Hugsanlega er um kindagötu að ræða en þó gæti þetta líka hafa verið leið fyrir þá sem ætluðu af Lágaskarðsvegi og áfram norður veginn milli hrauns og hlíðar. Heldur styttra er að fara austur fyrir Stóra-Reykjafell heldur en vestur fyrir, sem væri raunin ef Lágaskarðsvegi væri fylgt allt norður á þjóðleiðina.
Hættumat: engin hætta

8. Fornleifakort



Kort 1: Yfirlitsmynd af skráningarsvæðinu.



Kort 2: Nyrðri hluti skráningarsvæðis.



Kort 3: Syðri hluti skráningarsvæðis



Kort 4: Hellurnar 721:005. Vörður eru merktar með rauðu, vörðurústir með svörtum díl en aðrar fornleifar með gulu. Græna línan merkir slóðir sem hafa markast í hraunið.

Kort 5: Áveitumannvirki 721:069.



Kort 6: Meint garðlag 721:071 vestan við Ölkelduháls.

Heimildir

Adolf Friðriksson og Uggi Ævarsson. 2003. Greinargerð um fornleifar hjá Hellisheiðarvirkjun. Verknr. 0115. Fornleifastofnun Íslands.

ÁFÍ 1936: *Árbók Ferðafélags Íslands*. Nágrenni Reykjavíkur. Landnám Ingólfs Arnarsonar. 1936. Ísafoldaprentsmiðja, Reykjavík.

Birna Gunnarsdóttir og Orri Vésteinsson. 1997. *Menningarminjar í Hengli og Grafningi norðan Úlfljótsvatns.* FS032-97011. Fornleifastofnun Íslands.

Birna Lárusdóttir og Sædís Gunnarsdóttir. 2003. *Fornleifakönnun á Hellisheiði vegna virkjunar*. FS216-03101. Fornleifastofnun Íslands.

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar, Ágúst Ó. Georgsson tók saman, Reykjavík 1990.

GR: ***Göngur og réttir*** I-IV, Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar, 2. útg., Akureyri 1983-87.

Guðni Jónsson**. *Íslenskir sagnaþættir og þjóðsögur*** I-XII, Reykjavík 1940-57.

Jón Pálsson. 1945-1952. ***Austantórur*** I-III. Víkingsútgáfan, Reykjavík.

Loftmyndagrunnur frá Loftmyndum ehf.

Magnús Grímsson. 1985. „Um vegagerð og hestvagnaferðir á Suðvesturlandi.“ Í: *Landnám Ingólfs. Nýtt safn til sögu þess,* 2. bindi, bls. 88-105.

Nágrenni Reykjavíkur [leiðréttingar og athugasemdir við umfjöllun í Árbók hins íslenska ferðafélags 1936 e. Eirík Einarsson]. Örnefnastofnun Íslands.

Oddgeir Hansson. *Greinargerð um fornleifar á áhrifasvæði Hellisheiðarvirkjunar. Stóra-Skarðsmýrarfjall, Ölkelduháls, Hverahlíð.* Greinargerð dags. 07.05.2005, verknr. 0504. Fornleifastofnun Íslands.

Orri Vésteinsson. 1998. *Fornleifar á afrétti Ölfushrepps*. FS064-97013. Árbæjarsafn/Fornleifastofnun Íslands.

Reykjanesfjallgarður: Örnefnalýsing Reykjanesfjallgarðs austan sýslumarka. Þorsteinn Bjarnason frá Háholti skráði. Örnefnastofnun Íslands.

SB III: *Sunnlenskar byggðir III.* Laugardalur, Grímsnes,Þingvallasveit, Grafningur, Ölfus, Hveragerði og Selvogur. 1983. Búnaðarsamband Suðurlands.

SK: Skúli Helgason: *Saga Kolviðarhóls*, Selfossi 1959.

SP Ferðabók: *Ferðabók Sveins Pálssonar.* Dagbækur og ritgerðir 1791-1797. 1945. Jón

Eyþórsson bjó til prentunar. Reykjavík.

SSÁ: *Árnessýsla. Sýslu og- sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703.* 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Útivist: *Ársrit Útivistar 6.* 1980. Reykjavík.

Þórður Ö. Jóhannesson: *Nokkur örnefni varðandi landnýtingu og þjóðtrú í Ölfusi*, 12.4.1976 (hdr)

Ö-Afr. Ölf: *Örnefnalýsing afréttar Ölfushrepps*. Þorsteinn Bjarnason frá Háholti skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hellisheiði: *Örnefnalýsing Hellisheiðar*. Eiríkur Einarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hengill: *Hengillinn og fjallgarðurinn kringum hann.* Þorsteinn Bjarnason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Kolviðarhóll: *Örnefnalýsing Kolviðarhóls.* Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Ytri-Þurá: *Örnefnalýsing Ytri-Þurár.* Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Þóroddsstaðir: *Örnefnalýsing Þóroddsstaða*. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Þurá: *Örnefnalýsing Þurár.* Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Ölfusvatn: *Örnefnalýsing Ölfusvatns.* Guðmann Ólafsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.